

9. Reglur um umsóknir og styrkveitingar skal stjórn Landgræðslusjóðs semja sérstaklega í samræmi við framangreindar reglur.

3. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á viðaukaskipulagsskrá þessari.

Nr. 360.

10. október 1977.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o.fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga ..	kr. 7.500
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 2.200
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 2.200
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 2.200
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 400
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 3.400
7. Fyrir fjármark	— 700
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 400
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 3.700
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 1.500
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 1.500
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 3.700
13. Fyrir dómsbirtingu	— 3.700
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 1.100

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 315 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. nóvember 1977. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 248 28. júní 1976 um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. október 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.